

155. löggjafarþing 2024–2025.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um sorgarleyfi (aukin réttindi foreldra).

Frá félags- og vinnumarkaðsráðherra.

1. gr.

Á eftir orðinu „barnsmíssi“, „barnsmíssi“ og „barnsmíssi“ hvarvetna í 2. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr., og 1., 3. og 4. mgr. 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: eða makamíssi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Við 3. tölul. bætist: eða makamíssi.
- Við bætist nýr töluliður, sem verður 5. töluliður, svohljóðandi: *Makamíssi*: Þegar foreldri verður fyrir því að hjúskapar- eða sambúðarmaki andast.
- Í stað „a–f-lið.“ í 5. tölul., sem verður 6. tölul., kemur: a–g-lið.
- Á eftir orðinu „barnsmíssi“ í 6. tölul., sem verður 7. tölul., kemur: eða makamíssi.
- Á eftir orðinu „barnsmíssi“ í 7. tölul., sem verður 8. tölul., kemur: eða makamíssi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „barnsmíssi“ í 1. og 2. mgr. kemur: eða makamíssi.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. stofnast réttur til sorgarleyfis ekki vegna barnsmíssis eða makamíssis hafi foreldri, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Réttur foreldris til sorgarleyfis vegna barnsmíssis eða makamíssis*.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 8. gr. laganna:

- Í stað orðsins „þrjá“ í 1. másl. kemur: sex.
- Í stað orðsins „tvo“ í 2. másl. kemur: þrjá.

5. gr.

Á eftir orðinu „barnsmíssi“, „barnsmíssi“ og „barnsmíssi“ í 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1., 2. og 4. mgr. 22. gr., og 2. mgr. 25. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: makamíssi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna

- a. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: sá tími sem foreldri fær greiðslur í sorgarleyfi á grundvelli laga þessara eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldrið sótt um þær.
- b. Við 3. mgr. bætist: eða hvort foreldri hefði átt rétt á greiðslum á grundvelli laga þessara, sbr. g-lið 2. mgr.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:
  1. Á eftir orðinu „barnsmissi“ kemur: makamissi.
  2. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verði foreldri fyrir andvanafæðingu eða barnsmissi, þar sem viðkomandi barn er yngra en 24 mánaða, er foreldrinu heimilt að óska eftir að við útreikning á mánaðarlegri greiðslu verði tekið mið af tekjum viðkomandi á viðmiðunartímabili skv. 1.-3. mgr. 23. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, eftir því sem við á.
- b. Í stað „a-f-lið 2. mgr. 14. gr.“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur: a-g-lið 2. mgr. 14. gr.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna

- a. Á eftir orðinu „barnsmissi“ í 1. mgr. kemur: eða makamissi
- b. Á eftir orðinu „barnsmissi“ í 2. mgr. kemur: eða makamissi
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. stofnast réttur til sorgarstyrks ekki vegna barnsmissis eða makamissis hafi foreldri, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „þrjá“ í 1. másl. kemur: sex.
- b. Í stað orðsins „tvo“ í 2. másl. kemur: þrjá.

## 10. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Hafi foreldri sem verður fyrir barnsmissi eða makamissi, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi ber viðkomandi foreldri að endurgreiða þá fjárhæð sem greidd hefur verið á grundvelli laganna.

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Við bætist ný málsgrein, sem verður 1. mgr., svohljóðandi: Foreldri sem nýtur greiðslna á grundvelli laga þessara getur ekki á sama tímabili nýtt rétt til greiðslna á grundvelli laganna vegna annars tilviks sem stofnað getur til réttar til greiðslna á grundvelli laganna.
- b. Í stað orðanna „í sorgarleyfi“ hvarvetna í 1.-8. mgr., sem verða 2.-9. mgr., kemur: á grundvelli laga þessara.
- c. Á eftir orðinu „barnsmissis“ í 9. mgr., sem verður 10. mgr., kemur: sama makamissis.

## 12. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 28. gr.“ í 2. mgr. 36. gr., kemur: 4. mgr. 28. gr.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 1. gr., a., b., d. og e-liður 2. gr., a. og c-liður 3. gr., 5. gr., 1. tölul. a-liðar 7. gr., a. og b. lið 8. gr. og 3. tölul. 11. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 2026.

## 14. gr.

*Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar:*

Við 51. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi: Hver sá sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um sorgarleyfi telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á sama tímabili.

2. *Lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007:*

2. mgr. 6. gr. laganna fellur brott.

## Greinargerð.

**1. Inngangur.**

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá árinu 2021 er meðal annars lögð áhersla á að foreldrum sem missa barn verði tryggt sorgarleyfi og að þannig verði staða barna og barnafjölskyldna sem verða fyrir áföllum styrkt á sama tíma og stuðlað verði að því að flestir geti verið virkir á vinnumarkaði. Í kjölfarið voru samþykkt á Alþingi lög um sorgarleyfi, nr. 77/2022, sem tóku gildi 1. janúar 2023. Með lögfestingu sorgarleyfis var stefnt að því að tryggja foreldrum á innlendum vinnumarkaði svigrúm til sorgarúrvinnslu í kjölfar barnsmíssis og eftir atvikum til að styðja við eftirlifandi systkin við að aðlagast breyttum aðstæðum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því styrkja enn frekar stöðu barna og barnafjölskyldna sem verða fyrir áföllum.

**2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.**

Vel er þekkt að áföll geti haft áhrif á heilsu fólks til lengri eða skemmri tíma. Með setningu laga um sorgarleyfi, nr. 77/2022, var stigið mikilvægt skref í því að styðja við barnafjölskyldur á viðkvæmum tímum í kjölfar alvarlegra áfalla. Með því að tryggja foreldrum á innlendum vinnumarkaði svigrúm til sorgarúrvinnslu í kjölfar barnsmíssis samhliða greiðslum í sorgarleyfi má ætla að í það minnsta í sumum tilvikum megi koma í veg fyrir mögulegan og/eða varanlegan heilsubrest sem getur meðal annars dregið úr virkni á vinnumarkaði til lengri tíma litið.

Rík ástæða þykir til að styðja enn frekar við foreldra á innlendum vinnumarkaði í kjölfar áfalla og er þeim breytingum á lögum um sorgarleyfi sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu þannig ætlað að tryggja foreldrum, í skilningi laganna, sem missa maka sinn rétt til sorgarleyfis. Ljóst þykir að foreldri sem styður við syrgjandi barn á sama tíma og það syrgir sjálft maka sinn upplifir mikið álag og þykir því mikilvægt að veittur sé stuðningur og aukið svigrúm til sorgarúrvinnslu við slíkar aðstæður.

Enn fremur eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar sem þykja nauðsynlegar í ljósi reynslunnar af framkvæmd gildandi laga um sorgarleyfi.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að foreldri, í skilningi laga um sorgarleyfi, sem verður fyrir því að hjúskapar- eða sambúðarmaki andast geti átt rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk í allt að sex mánuði en samkvæmt gildandi lögum getur foreldri átt rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk vegna barnsmissis, andvanafæðingar eða fósturláts.

Jafnframt er lagt til að foreldri, í skilningi laga um sorgarleyfi, sem hefur verið í samfelldu starfi í skilningi laganna skuli eiga sjálfstæðan rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk í allt að sex mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu, en samkvæmt gildandi lögum á foreldri rétt á þriggja mánaða sorgarleyfi eða sorgarstyrk við slíkar aðstæður. Enn fremur er lagt til foreldri geti átt sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis eða sorgarstyrks í allt að þrjá mánuði frá þeim degi sem fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu á sér stað en samkvæmt gildandi lögum er miðað við tveggja mánaða sorgarleyfi við slíkar aðstæður.

Pá er lagt til að verði foreldri fyrir andvanafæðingu eða barnsmissi, þar sem viðkomandi barn er yngra en 24 mánaða, verði foreldrinu heimilt að óska eftir að við útreikning Vinnuálastofnunar á mánaðarlegri greiðslu á grundvelli laganna verði tekið mið af tekjum viðkomandi á viðmiðunartímabili skv. 1.-3. mgr. 23. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, eftir því sem við á.

Enn fremur er lagt til að skýrt verði kveðið á um að réttur til greiðslna á grundvelli laganna stofnist ekki vegna barnsmissis eða makamissis hafi foreldri, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrirnefndum missi.

### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til mats á samræmi við ákvæði stjórnarskrár eða alþjóðlegar skuldbindingar.

### 5. Samráð. (Í vinnslu)

Frumvarp þetta var unnið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og var við vinnslu þess meðal annars byggt á fyrirliggjandi tillögum frá *Gleym mér ei styrktarfélagi* og *Sorgarmiðstöðinni*.

Aform um gerð frumvarpsins voru kynnt öðrum ráðuneytum í samræmi við verklag í tengslum við innra samráð Stjórnarráðsins.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá og með x. september 2024 og var veittur frestur til og með x. september 2024 til að veita umsagnir um frumvarpið (mál nr. S-xx/2024).

### 6. Mat á áhrifum.

Efni frumvarpsins snertir fyrst og fremst foreldra, í skilningi laganna, og börn þeirra. Ætla má að frumvarpið sé til þess fallið að tryggja sem jafnasta stöðu kynjanna á vinnumarkaði enda gilda þær breytingar sem frumvarpið felur í sér jafnt um alla foreldra, í skilningi laganna, og er þannig gert ráð fyrir að foreldrar hafi sömu möguleika til að annast börn sín og þiggja sjálfir aðstoð í sorgarleyfi óháð kyni. Þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hvað varðar rétt foreldris, í skilningi laganna, til greiðslna í sorgarleyfi og til sorgarstyrks er þannig ætlað að gilda óháð kynferði foreldris, enda hugtakið foreldri ekki kyngreint í gildandi lögum um sorgarleyfi.

Frumvarp þetta hefur í för með sér fjárhagsáhrif á ríkissjóð, enda gert ráð fyrir að réttur til sorgarleyfis eða sorgarstyrks verði lengdur við tiltekna aðstæður auk þess sem gert er ráð

fyrir að foreldri, í skilningi laganna, sem missir verður fyrir makamissi geti átt rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk og er það nýmæli í lögum um sorgarleyfi.

Á árunum 2009–2018 misstu 1.007 börn á Íslandi foreldri eða 100 börn að meðaltali á ári samkvæmt tölum Hagstofunnar. Á þessu sama árabili létust 649 foreldrar barna, í mörgum tilvikum frá fleiri en einu barni. Feður voru í meiri hluta en þeir voru 448 talsins en mæður 201. Má því ætla að efni frumvarpsins kunnir að hafa meiri áhrif á mæður en feður.

Gert er gert ráð fyrir að árleg fjárhagsáhrif á ríkissjóð verði um 380-400 millj. kr. Þá er áætlaður kostnaður vegna umsýslu Vinnumálastofnunar við uppfærslu hugbúnaðarlausna á bilinu 3-5 millj. kr.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að lögnum verði breytt í því skyni að tryggja foreldrum sem verða fyrir makamissi rétt til sorgarleyfis er hér lagt til að á eftir orðinu „barnsmíssis“, „barnsmíssi“ og „barnsmíssir“ hvarvetna í 2. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr., og 1., 3. og 4. mgr. 21. gr. laganna verði einnig vísað til makamíssis í viðeigandi beygingarfalli.

Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 2. gr.

Í 3. gr. laganna er skýrð merking ýmissa hugtaka í skilningi laganna. Hér er lagt til að skýringu á hugtakinu „makamíssir“ verði bætt við ákvæðið þannig að skýrt verði kveðið á um að með hugtakinu sé átt við þau tilvik þegar foreldri verður fyrir því að hjúskapar- eða sambúðarmaki þess andast.

Jafnframt er lögð til breytt tilvísun til 2. mgr. 14. gr. laganna í 5. tölul., sem verður 6. tölul. ákvæðisins, í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að bætt verði við tilvísun til makamíssis á viðeigandi stöðum í ákvæðinu til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Í 7. gr. laganna er kveðið á um rétt foreldris til sorgarleyfis vegna barnsmíssis. Þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að lögnum verði breytt í því skyni að tryggja foreldrum sem verða fyrir makamissi rétt á sorgarleyfi er hér lagt til að einnig verði vísað til makamíssis í ákvæðinu. Áfram er gert ráð fyrir að um sjálfstæðan rétt til sex mánaða sorgarleyfis sé að ræða, hvort sem um er að ræða barnsmíssi eða makamíssi. Er þannig sem dæmi gengið út frá því að verði foreldri fyrir barnsmíssi og makamíssi á sama tíma stofnist réttur til sex mánaða sorgarleyfis vegna makamíssis og sex mánaða sorgarleyfis vegna barnsmíssis og verði þannig um að ræða rétt til sorgarleyfis í samtals 12 mánuði frá fyrrnefndum missi. Þá er áfram gengið út frá því að réttur til sorgarleyfis falli niður 24 mánuðum eftir að hann stofnast.

Enn fremur er lagt til að skýrt verði kveðið á um að réttur til sorgarleyfis stofnist ekki vegna barnsmíssis eða makamíssis hafi hlutaðeigandi foreldri, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi. Gengið er út frá því að í slíkum tilvikum skipti ekki máli hvort brot hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Þykir þetta mikilvægt þar sem greiðslur á grundvelli laganna til foreldris við slíkar aðstæður þykja hvorki samrýmast markmiðum laganna né almannahagsmunum.

Þá er lagt til að fyrirsögn greinarinnar verði breytt til samræmis við þær breytingar á lögnum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar rétt foreldra til sorgarleyfis verði þeir

fyrir makamissi. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

#### Um 4. gr.

Í 8. gr. laganna er kveðið á um rétt foreldris til sorgarleyfis vegna andvanafæðingar eða fósturláts. Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að foreldri sem hefur verið í samfelldu starfi eigi sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að þrjá mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eigi foreldri sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að tvo mánuði frá þeim degi sem fósturlátið á sér stað.

Hér er lagt til að foreldri sem hefur verið í samfelldu starfi eigi sjálfstæðan rétt til sorgarleyfis í allt að sex mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Er þannig lagt til að foreldri sem verður fyrir andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eigi sama rétt til sorgarleyfis og foreldri sem eignast lifandi barn sem andast síðar.

Þá er lagt til að réttur foreldris til sorgarleyfis þegar um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði meðal annars í því skyni að veita foreldrum rýmra svigrúm en nú er samkvæmt gildandi lögum til sorgarúrvinnslu við slíkar aðstæður.

#### Um 5. gr.

Þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að lögnum verði breytt í því skyni að tryggja foreldrum sem verða fyrir makamissi rétt til sorgarleyfis er hér lagt til að vísað verði til makamissis í 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1., 2. og 4. mgr. 22. gr., og 2. mgr. 25. gr. þar sem vísað er til barnsmissis, andvanafæðingar eða fósturláts.

Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

#### Um 6. gr.

Í 14. gr. laganna er kveðið á um hvað teljist til þátttöku foreldris á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna og er í a–f-lið 2. mgr. kveðið á um tiltekin tilvik sem teljast til þátttöku á innlendum vinnumarkaði. Hér er lagt til að við 2. mgr. ákvæðisins verði bætt nýjum staflið, g-lið, þar sem skýrt verði kveðið á um að sá tími sem foreldri fær greiðslur í sorgarleyfi á grundvelli laganna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði foreldrið sótt um þær teljist til þátttöku á innlendum vinnumarkaði í skilningi laganna. Í því sambandi er gert ráð fyrir að Vinnuálastofnun meti í hverju tilviki fyrir sig hvort foreldri, sem ekki hefur sótt um greiðslur í sorgarleyfi, hefði átt rétt á slíkum greiðslum. Er þetta meðal annars lagt til í því skyni að tryggja að foreldri sem fær greiðslur í sorgarleyfi geti fengið slíkar greiðslur áfram vegna annars tilviks eftir að fyrra tímabili lýkur verði viðkomandi fyrir barnsmissi eða makamissi með stuttu millibili. Ekki er gert ráð fyrir að sá tími sem foreldri fær greiddan sorgarstyrk á grundvelli laganna teljist til þátttöku á vinnumarkaði enda ekki gert ráð fyrir að foreldri sem fær greiddan slíkan styrk sé þátttakandi á vinnumarkaði.

#### Um 7. gr.

Í 1. mgr. 15. gr. laganna er kveðið á um viðmiðunartímabil og útreikning á greiðslum í sorgarleyfi. Er þar meðal annars kveðið á um að mánaðarleg greiðsla til foreldris í sorgarleyfi skuli nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds, eftir því sem við á, skv. 2. mgr. ákvæðisins og að miða skuli við sex mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur almanaksmánuðum fyrir barnsmissi, andvanafæðingu eða fósturlát.

Hér er lagt til að verði foreldri fyrir andvanafæðingu eða barnsmissi, þar sem viðkomandi barn er yngra en 24 mánaða, verði foreldrinu heimilt að óska eftir að við útreikning Vinnumálastofnunar á mánaðarlegri greiðslu á grundvelli laganna verði tekið mið af tekjum viðkomandi á viðmiðunartímabili skv. 1.-3. mgr. 23. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, eftir því sem við á. Er þetta lagt til í því skyni að koma í veg fyrir að foreldri fái lægri greiðslur við slíkar aðstæður á grundvelli laganna en viðkomandi hefði fengið á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof. Ætla má að oft og tíðum minnki mæður þátttöku sína á vinnumarkaði, svo sem með því að lækka starfshlutfall, eða vinni færri vinnustundir þegar nær dregur áætluðum fæðingardegi barns og þar sem viðmiðunartímabil laganna er annað en viðmiðunartímabil laga um fæðingar- og foreldraorlof kann viðmiðunartímabil laganna að leiða til óhagstæðari niðurstöðu fyrir viðkomandi við fyrrnefndar aðstæður en ef miðað yrði við viðmiðunartímabil í lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Þá er lögð til breytt tilvísun til 2. mgr. 14. gr. laganna í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 6. gr. frumvarpsins.

#### Um 8. gr.

Í 18. gr. laganna er kveðið á um rétt foreldris til sorgarstyrks vegna barnsmissis. Þar sem í frumvarpi þessu er lagt til að lögum verði breytt í því skyni að tryggja foreldrum sem verða fyrir makamissi rétt á sorgarleyfi er hér lagt til að einnig verði vísað til makamissis í ákvæðinu. Áfram er gert ráð fyrir að um sjálfstæðan rétt til sex mánaða sorgarstyrks sé að ræða, hvort sem um er að ræða barnsmissi eða makamissi. Er þannig sem dæmi gengið út frá því að verði foreldri fyrir barnsmissi og makamissi á sama tíma stofnist réttur til sex mánaða sorgarstyrks vegna makamissis og sex mánaða sorgarstyrks vegna barnsmissis og verði þannig um að ræða rétt til sorgarstyrks í samtals 12 mánuði frá fyrrnefndum missi. Þá er áfram gengið út frá því að réttur til sorgarstyrks falli niður 24 mánuðum eftir að hann stofnast. Um nánari skýringar hvað þetta varðar vísast til til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Enn fremur er lagt til að skýrt verði kveðið á um að réttur til sorgarstyrks stofnist ekki vegna barnsmissis eða makamissis hafi hlutaðeigandi foreldri, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi. Gengið er út frá því að í slíkum tilvikum skipti ekki máli hvort brot hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Þykir þetta mikilvægt þar sem greiðslur á grundvelli laganna til foreldris við slíkar aðstæður þykja hvorki samrýmast markmiðum laganna né almannahagsmunum.

#### Um 9. gr.

Í 20. gr. laganna er kveðið á um rétt foreldris til sorgarstyrks vegna andvanafæðingar eða fósturláts. Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að foreldri eigi sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að þrjá mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eigi foreldri sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að tvo mánuði frá þeim degi sem fósturlátið á sér stað.

Hér er lagt til að foreldri eigi sjálfstæðan rétt til sorgarstyrks í allt að sex mánuði frá þeim degi er andvanafæðing á sér stað eftir 22 vikna meðgöngu. Er þannig lagt til að foreldri sem verður fyrir andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eigi sama rétt til sorgarstyrks og foreldri sem eignast lifandi barn sem andast síðar.

Þá er lagt til að réttur foreldris til sorgarstyrks þegar um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði meðal annars í því skyni að veita

foreldrum rýmra svigrúm en nú er samkvæmt gildandi lögum til sorgarúrvinnslu við slíkar aðstæður.

Um 10. gr.

Í 28. gr. laganna er kveðið á um hvernig leiðréttingum á greiðslum í sorgarleyfi og greiðslum sorgarstyrks skuli háttáð.

Hér er lagt til að við ákvæðið bætist ný málsgrein þar sem kveðið verði á um að hafi foreldri sem verður fyrir barnsmissi eða makamissi, að mati dómstóls, framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem valdið hefur fyrrnefndum missi beri viðkomandi foreldri að endurgreiða þá fjárhæð sem greidd hefur verið á grundvelli laganna. Gengið er út frá því að í slíkum tilvikum skipti ekki máli hvort brot hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi. Er þetta lagt til í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í b-lið 3. gr. og c-lið 8. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í 32. gr. laganna er tiltekið hvaða réttindi teljast til ósamrýmanlegra réttinda á sama tímabili og foreldri nýtir rétt sinn til greiðslna í sorgarleyfi. Hér er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við ákvæðið, sem verði 1. mgr., þar sem kveðið verði á um að foreldri sem nýtur greiðslna á grundvelli laganna geti ekki á sama tímabili nýtt rétt til greiðslna á grundvelli laganna vegna annars tilviks sem stofnað getur til réttar til greiðslna á grundvelli laganna. Er þannig lagt til að skýrt verði kveðið á um að foreldri geti einungis fengið greiðslur í sorgarleyfi eða sorgarstyrk vegna eins barnsmissis eða makamissis á hverju tímabili.

Enn fremur er lagt til að einnig verði vísað til makamissis þar sem í ákvæðinu er vísað til barnsmissis til samræmis við þær breytingar á lögnum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hvað varðar rétt foreldra til sorgarleyfis verði þeir fyrir makamissi.

Um 12. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 36. gr. laganna til samræmis við þær breytingar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að verði á 28. gr. laganna, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að þær breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um á lögum um sorgarleyfi öðlist þegar gildi við samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Þrátt fyrir framangreint er þó lagt til að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði á lögnum hvað varðar rétt foreldra til sorgarleyfis og sorgarstyrks vegna makamissis öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2026.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um breytingu á lögum um um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2004. og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/20027.

Lagt er til að í 51. gr. laga um atvinnuleysistryggingar verði kveðið á um að hver sá sem nýtur greiðslna samkvæmt lögum um sorgarleyfi teljist ekki tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á sama tímabili. Ekki er um breytingu að ræða frá því sem gilt hefur í framkvæmd en eðlilegt þykir að kveðið sé á um framangreint með skýrum hætti í lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.

Þá er lagt til að 2. mgr. 6. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, falli brott en í umræddu ákvæði er kveðið á um aukinn rétt til dánarbóta í þeim tilvikum þegar hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ár á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður. Er þetta lagt til í ljósi



Þess að frumvarp þetta felur í sér að foreldri, í skilningi laga um sorgarleyfi, sem verður fyrir makamissi geti átt rétt á sorgarleyfi eða sorgarstyrk í allt að sex mánuði.